



Fundur í byggðaráði

1. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 fimmtudaginn 31. janúar 2019. Fundur var settur kl. 12:05.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson, formaður, Mirjam Blekkenhorst og Siggeir Stefánsson. Auk þess sat Jónas Egilsson fundinn sem staðgengill sveitarstjóra og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð nýja fundarmenn velkomna til starfa og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki og var gengið til dagskrár.

Fundargerð

1. Fundargerð 315. fundar stjórnar Eyþings, 11. desember 2018

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð 316. fundar stjórnar Eyþings, 8. janúar 2019

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð 11. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga, dags. 26. nóvember 2018

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerð 12. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga, dags. 14. janúar 2019

Fundargerðin lögð fram.

5. Fundargerð 1. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar, dags. 23. janúar 2019

Fundargerðin lögð fram.

6. Fundargerð 1. fundar skipulags- og umhverfisnefndar, dags. 22. janúar 2019

a. Liður 3. Lóðablað fyrir Hafnartanga, Bakkafirði

Byggðaráð staðfestir samþykkt nefndarinnar.

b. Liður 4. Umsókn um bílastæði fyrir Austurveg 4, Þórshöfn

Byggðaráð staðfestir samþykkt nefndarinnar.

c. Liður 5.1. Tímabundnar hraðatakmarkanir við Hálsveg

Byggðaráð tekur undir mikilvægi málsins og staðfestir tillögu nefndarinnar. Sveitarstjóra falið að vinna að framkvæmd málsins sem fyrst og kannað verði hvort hægt verði færa hraðan enn neðar en 30 km/klst.

d. Liður 5.2. Hafnartangi 2b, Bakkafirði



Byggðaráð staðfestir samþykkt nefndarinnar, en gefur kaupendum frest til 8. febrúar nk. til að fokverja gömlu veiðafærageymsluna við Hafnartanga á Bakkafirði. Að öðrum kosti verði samþykkt sveitarstjórnar frá 88. fundi um sölu á húsinu afturkölluð og sveitarstjóra falið að láta rífa húsið.

7. Fundargerð 1. fundar velferðar- og fræðslunefndar, dags. 22. janúar 2019

Fundargerðin lögð fram.

8. Fundargerð 1. fundar hafnarnefndar, dags. 24. janúar 2019

Liður 4. Eyðing vargfugls við höfnina á Þórshöfn.

Byggðaráð samþykkir bókun nefndarinnar og felur sveitarstjóra að koma málinu í framkvæmd.

9. Tilnefning fulltrúa í vatnsverndarsvæðisnefnd

Byggðaráð samþykkir tilhögun héraðsnefndar um skipan fulltrúa í vatnsverndarsvæðisnefnd á vegum Umhverfisstofnunar. Jafnframt óskar byggðaráð eftir því að sveitarstjórn Langanesbyggðar sé haldið upplýstri um niðurstöður funda og tillagna nefndarinnar með fullnægjandi hætti.

10. Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin, erindi forsætisráðherra, dags. 28. janúar 2019

Byggðaráð samþykkir að vísa málinu til meðferðar og skoðunar í hlutaðeigandi nefndum. Enn fremur er samþykkt að sækja fund 15. febrúar nk. sem ráðherra boðar til sé þess kostur. Byggðaráð beinir þeim óskum til forsætisráðherra að sjá til þess að fundinum verði streymt á netinu þannig að fleiri ættu tök á því að fylgjast með fundinum án mikils kostnaðar og minnka þannig kolefnispor hans.

11. Samningur vegna klæðningar á Langanesvegi 2, lagður fram til kynningar á fundinum

Samningurinn lagður fram til kynningar.

12. Samstarfssamningur við Svalbarðshrepp,

Samningurinn lagður fram og vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:56.